

**3529. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 30. mars 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Jónína Margrét Sigmundsdóttir varamaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Sævar Freyr Þránínsson, bæjarstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2303218 - Höfði - ársreikningur 2023

Ársreikningur Höfða fyrir árið 2022

Lagt fram.

2. 2303215 - Starfshópur um framtíðarpörf leikskólapláss

Tillaga að erindisbréfi starfshóps um framtíðarpörf leikskólapláss.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi erindisbréf starfshóps um framtíðarpörf leikskólapláss hjá Akraneskaupstað.

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn hefji störf eigi síðar en 12. apríl nk. og ljúki störfum þann 31. maí næstkomandi.

Bæjarráð samþykkir að skipa Jónínu Margréti Sigmundsdóttur og Liv Aase Skarstad sem fulltrúa bæjarstjórnar í starfshópinn.

Samþykkt 3:0

3. 2211228 - KFÍA - málefni

Erindi KFÍA um að félagið fái að njóta starfskrafta frá Vinnuskóla Akraneskaupstaðar (græna flokknun) næstkomandi sumar.

Vegna vinnumarkaðsátaks stjórnvalda í kjölfar Covid gat bæjarráð orðið við erindi KFÍA þessa efnis síðastliðin tvö ár en getur því miður ekki orðið við erindinu nú með sama hætti.

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að skoða aðrar mögulegar lausnir og kynna fyrir ráðinu.

Samþykkt 3:0

4. 2212091 - Viðburðastjóri vegna Írskra daga

Það er mat sviðsstjóra að umfang og eðli viðburðanna árið 2023 sé óbreytt frá fyrri árum og lagt til að viðburðarstjóri verði ráðinn sem verktaki til þess að annast skipulagningu og utanumhald írskra daga í samstarfi við nýjan verkefnastjóra menningarmála.

Að öðru leiti vísast til meðfylgjandi minnisblaðs.

Með hliðsjón af því að nýr verkefnastjóri menningar- og safnamála, hefur störf síðar en upphaflegar áætlanir stóðu til, fellst bæjarráð á ráðningu sérstaks viðburðarstjóra vegna Írskra daga og tilfærslu fjármuna vegna þeirra útgjalda.

Bæjarráð felur sviðsstjórum fjármála- og þjónustusviðs og skóla- og frístundasviðs frekari útfærslu málsins innan gildandi fjárheimilda.

Samþykkt 3:0

5. 2303163 - Kirkjuhvoll - ósk um nýtingu á húsnæði

Erindi frá skólastjórnendum Brekkubæjarskóla um nýtingu á Kirkjuhvoli fyrir listgreinakennslu skólaárið 2023-2024

Bæjarráð felur sviðsstjórum skóla- og frístundasviðs og fjármála- og þjónustusviðs frekari úrvinnslu málsins og kanna möguleika þess að nýting á Kirkjuhvoli geti orðið í samræmi við fyrirliggjandi óskir skólastjórnenda Brekkubæjarskóla.

Bæjarráð vísar þeim hluta erindisins er lítur að tímalínu framkvæmdanna í Brekkubæjarskóla vísað til frekari úrvinnslu skipulags- og umhverfisráðs.

Samþykkt 3:0

6. 2303168 - Beiðni um kaup á uppþvottavél

Beiðni frá Brekkubæjarskóla um kaup á uppþvottavél.

Bæjarráð samþykkir meðfylgjandi erindi Brekkubæjarskóla um kaup á uppþvottavél.

Fjármagni, samtals að fjárhæð kr. 875.000, verður ráðstafað af lið 20830-4660 og færður á deild 04220-4660.

Samþykkt 3:0

7. 2302211 - Vinnuskólinn 2023

Laun vinnuskólans.

Fyrir liggur kynning Jóns Arnars Sverrissonar garðyrkjustóra og Heiðrúnar Janusardóttir verkefnastjóra um launamál í vinnuskólanum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti að leggja til við bæjarráð að laun vinnuskólans verði hækkuð um 3,5%, enda rúmast það innan fjárhagsáætlunar.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu skipulags- og umhverfisráðs.

Samþykkt 3:0

u

8. **2301209 - Fyrirspurn félags- og vinnumarkaðsráðuneytis um þjónustu við fatlað fólk í bæjarfélaginu**

Mál er varðar fyrirspurn félags- og vinnumarkaðsráðuneytis um stöðu búsetuúrræða og meðal biðtíma eftir félagslegu leiguhúsnæði þann 23.01.23 sl.

Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

Bæjarráð þakkar fyrir góða yfirferð um stöðu búsetuúrræða og þjónustu Akraneskaupstaðar og upplýsingar þar að lútandi verða birtar á heimasíðu kaupstaðarins.

Samþykkt 3:0

9. **2303125 - Brynja leigufélag - beiðni um stofnframlag vegna fjögurra íbúða 2023- 2024**

Brynja Leigufélag sendi erindi dags. 1. mars sl. þar sem óskað er eftir stofnframlagi vegna uppbyggingar fjögurra íbúða á árunum 2023 og 2024.

Stofnvirði fjögurra íbúða er um 200 m. kr. og hlutur Akraneskaupstaðar væri því 24 m. kr.

Þann 22.03.2022 samþykkti bæjarstjórn Akraness stofnframlag að fjárhæð 23,4 m.kr. á árunum 2022 og 2023 til Brynju Leigufélags hses (Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins) vegna fyrirhugaðra kaupa félagsins á húsnæði á Akranesi sem yrði til afnota fyrir skjólstæðinga Akraneskaupstaðar, með fyrirvara um samþykki HMS á stofnframlagi ríkisins.

Er þá í raun um tvö stofnframlög að ræða, umfram fyrirbyggjandi samþykkt bæjarstjórnar frá 22.03.2022, en samþykkt var á þeim tíma að veita stofnframlag að fjárhæð 23,4 m.kr.

Bókun ráðsins 21.03.23: Velferðar- og mannréttindaráð mælir með samþykkt allt að fjögurra stofnframlaga til Brynju Leigufélags á árinu 2023. Velferðar- og mannréttindaráð leggur einnig til að horft verði til þess að Brynja Leigufélag fái tvö stofnframlög á ári, frá og með 2024-2026. Málinu er vísað til frekari afgreiðslu hjá bæjarráði.

Afgreiðslu máls frestað til næsta fundar.

10. **2303217 - Brú hses - Stofnframlag vegna sex íbúðakjarna 2023**

Stofnframlagssumsókn í nafni leigufélags Brúar hses. vegna uppbyggingar á sex íbúðakjarna við Tjarnarskóga 15

Afgreiðslu máls frestað til næsta fundar.

11. **2301254 - XXXVIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 31. mars 2023**

Tillaga kjörnefndar að fulltrúa í stjórn sambandsins

Lagt fram.

u

12. 2112034 - Hausthúsatorg - bensínstöð N1

Fulltrúar Akraneskaupstaðar og Festi hf. hafa átt í viðræðum undanfarið og leitað sameiginlegrar lausnar varðandi ósk félagsins um viðbótarfrest á lóðaskiptum til maí 2026.

Bæjarráð felur Sigurði Páli Harðarsyni, sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs, frekari úrvinnslu málsins.

13. 2302096 - Fristundamiðstöð golfskáli við Garðavöll

Úrvinnsla vegna samninga Akraneskaupstaðar og Golfklúbbsins Leynis um Fristundamiðstöðina við Garðavöll.

Bæjarráð fjallaði um samninginn og erindi sem hafa borist vegna samningsins. Fyrirhugað er að taka málið fyrir að nýju á næsta fundi ráðsins.

14. 2101279 - Breið-Þróunarfélag - sjálfseignarstofnun

Áframhaldandi samstarf um starfsemina til loka árs 2026.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi samning.

Gert er ráð fyrir útgjöldum vegna ársins 2023 í fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun en gera þarf ráð fyrir framhaldinu í áætlun vegna ársins 2024.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð fagnar því hversu vel hefur tekist til í starfsemi félagsins í Breið nýsköpunarsetri og sannfærð um áframhaldandi árangursríkt samstarf við Brim í verkefninu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.

*Hif háruðóttir
Jónína Margrét Sigmundsdóttir
Ragnar Sæmundsson
Senna Aloyus*